



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 16. mars 2020 kl. 19:00.
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundarmenn: Haukur Arnþórsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Arna Þórdís Árnadóttir og Katrín Baldursdóttir.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er samþykkt.

2. Sósíalísk barátta á tímum kórónaveirunnar

Rætt var um notkun samskiptaforritsins Zoom til að halda fundi. Samþykkt var að gerast áskrifendur að Zoom til að hafa aðgang fyrir nógu marga hópa. Tillaga um að starfsemi flokksins flytjist yfir á Zoom og netið var samþykkt. Gunnari Smára er falið að kanna möguleika á því að vera með útsendingar á þáttum á hverjum degi.

Ennfremur var rætt um hversu mikið af aðstoð við fyrirtæki í áætlun ríkisstjórnarinnar vegna faraldursins fari til fyrirtækja sem ekki þurfi nauðsynlega aðstoð til að halda starfsmönnum. Við þufum að vera vakandi yfir að Sjálfstæðisflokkurinn gæti litið á þetta ástand sem tækifæri til að auka áhrif sín og völd hinna efnameiri með fyrirgreiðslum þar sem þær eigi ekki heima.

3. Fjármál, yfirlit febrúarmánaðar

Verður rætt á næsta fundi.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.